

Ferill fundarbókana er varða erindið:

Málsnúmer: 2014090004
Málsheiti: Deiliskipulag - Mjósund
Málsaðili: Ísafjarðarbær
Skráð af: Jóhann Birkir Helgason
Ábyrgðaraðili: Brynjar Þór Jónasson

Fundur: Skipulags- og mannvirkjanefnd - 430 (11.3.2015) - Deiliskipulag - Mjósund

Dags: 11.03.2015

Inngangur: Lagt fram minnisblað skipulagsfulltrúa í kjölfar bókunar á 426. fundi skipulags- og mannvirkjanefndar þar sem skipulags- og byggingarfulltrúa var falið að ræða við húsbyggingasjóð Þroskahjálpar um lausnir sem koma til móts við þarfir þeirra.

Niðurst.: Samkvæmt samtali við framkvæmdastjóra húsbyggingasjóðs Þroskahjálpar er ekki þörf á að tekið verði tillit til þarfa Þroskahjálpar við skipulag Mjósunda.

Sviðsstjóra og byggingarfulltrúa falið að vinna áfram að málinu.

Fundur: Skipulags- og mannvirkjanefnd - 426 (28.1.2015)

Dags: 28.01.2015

Inngangur: Frestað frá síðasta fundi. Teknar fyrir fimm tillögur af deiliskipulaginu "Mjósund", Ísafirði frá Teiknistofunni Eik.

Niðurst.: Skipulags- og mannvirkjanefnd felur skipulags- og byggingarfulltrúa að ræða við húsbyggingasjóð Þroskahjálpar um lausnir sem koma til móts við þarfir þeirra.

Fundur: Skipulags- og mannvirkjanefnd - 425 (14.1.2015)

Dags: 14.01.2015

Inngangur: Teknar fyrir fimm tillögur af deiliskipulaginu "Mjósund", Ísafirði frá Teiknistofunni Eik.

Niðurst.: Afgreiðslu frestað til næsta fundar.

Fundur: Skipulags- og mannvirkjanefnd - 424 (7.1.2015)

Dags: 07.01.2015

Inngangur: Teknar fyrir tillögur að nýtingu svæðisins frá Teiknistofunni Eik. Tillögurnar eru 14 talsins. Jafnframt er lögð fram breyting á skipulaginu Eyrin á Ísafirði sem felst í að breyta skipulagsmörkum.

Niðurst.: Til fundarins er mætt Erla Bryndís Kristjánsdóttir frá Teiknistofunni Eik, hún fór yfir tillögurnar og ræddi kosti og galla þeirra. Nefndin fækkaði tillögunum niður í fimm og óskar eftir að þær verði unnar áfram og lagðar fyrir nefndina. Sigurður Mar Óskarsson lagði fram bókun: Áratugalangri baráttu fyrir flutningi olíutanka úr Miðkaupsstað og Mjósundum er nú lokið. Tækifæri er að skapa nýja bæjarmynd ásamt því að geta boðið upp á lóðir fyrir íbúðir með góðu og öruggu aðgengi í bland við húsnæði fyrir atvinnu- og þjónustustarfsemi nútímans. Nú eru til umfjöllunar tillögur skipulagsráðgjafa um nýtingu svæðisins sem afmarkast af Aðalstræti, Mjósundum og Sindragötu. En brýnt er að skoða allt svæðið niður að Njarðarsundum og skapa þannig nýja ásýnd

bæjarins frá höfninni séð jafnframt því að gæta að núverandi götummynd Aðalstrætis og Suðurgötu. Til að ná settu marki legg ég til að haldin verið hugmyndasamkeppni um deiliskipulag í samstarfi við Arkitektafélag Íslands, með vel ígrundaðri forsögn, er taki til beggja olíulóðanna ásamt svæði neðan Edinborgarhúss og mögulegum tengslum við bátahöfnina. Með þessu er hægt að taka tillit til þess sem m.a. var til umræðu í vinnu Pollnefndar. Sigurður Mar Óskarsson.

Fundur: Skipulags- og mannvirkjanefnd - 423 (17.12.2014)

Dags: 17.12.2014

Inngangur: Teknar fyrir tilögur að nýtingu svæðisins frá Teiknistofunni Eik. Tillögurnar eru 14 talsins. Jafnframt er lögð fram breyting á skipulaginu Eyrin á Ísafirði sem felst í að breyta skipulagsmörkum. Niðurst.: Skipulags- og mannvirkjanefnd óskar eftir fundi með Teiknistofunni Eik þann 7. janúar 2015 vegna málsins.

Fundur: Skipulags- og mannvirkjanefnd - 423 (17.12.2014)

Dags: 17.12.2014

Inngangur:

Niðurst.:

Fundur: Skipulags- og mannvirkjanefnd - 422 (26.11.2014)

Dags: 26.11.2014

Inngangur: Teknar fyrir umsagnir vegna lýsingar deiliskipulags fyrir Mjósund, Ísafirði. Umsagnir bárust frá Skipulagsstofnun, Umhverfisstofnun, Samgöngustofu, Minjastofnun Íslands, Veðurstofu Íslands og Vegagerðinni. Engar athugasemdir bárust frá almenningi.

Niðurst.: Skipulags- og mannvirkjanefnd þakkar þeim aðilum sem sendu inn athugasemdir við deiliskipulagslýsinguna og vísar þeim inn í skipulagsvinnuna.

Fundur: Bæjarstjórn - 348 (18.9.2014)

Dags: 18.09.2014

Inngangur: Skipulags- og mannvirkjanefnd, 418. fundur. Tekin fyrir deiliskipulagslýsing fyrir Mjósund, unnin af Teiknistofunni Eik, dags ágúst 2014. Skipulags- og mannvirkjanefnd leggur til við bæjarstjórn að deiliskipulagslýsingin verði send til umsagnar til hagsmunaaðila og kynnt almenningi.

Niðurst.: Til máls tók: Nanný Arna Guðmundsdóttir, forseti. Nanný Arna Guðmundsdóttir, forseti, ber tillögu skipulags- og mannvirkjanefndar til atkvæða. Tillaga skipulags- og mannvirkjanefndar samþykkt 9-0.

Fundur: Bæjarráð - 852 (8.9.2014)

Dags: 08.09.2014

Inngangur:

Niðurst.: Lagt fram til kynningar.

Fundur: Skipulags- og mannvirkjanefnd - 418 (3.9.2014)

Dags: 03.09.2014

Inngangur: Tekin fyrir deiliskipulagslýsing fyrir Mjósund, unnin af Teiknistofunni Eik, dags ágúst 2014.

Niðurst.: Skipulags- og mannvirkjanefnd leggur til við bæjarstjórn að deiliskipulagslýsingin verði send til umsagnar til hagsmunaaðila og kynnt almenningi.